

Sögueyjan – the Island of the Sagas

Social studies 7.th grade

Vocabulary list and extraction

íslenska	enska	Native language
Munkur	Monk	
klaustur	monastery	
aflátssala	Sale of indulgences	
Siðaskipti /siðbót	reformation	
ríkistrú	Established religion	
boðskapur	announcement	
miðaldir	Middle ages	
biskup	bishop	
höfðingjar	Men of power	
hlunnindi	Benefits, perks	
Tíund, skattur	Taxes, 1/10th of what you earn	
Skálholt	Bishop's district (southern part of Iceland)	
Hólar	Bishop's district (northern part of Iceland)	
landráðamaður	traitor	
Villutrú	heresy	
skurðgoð	carved image	
skurðgoðadýrkun	idolatry	
Kenning (kirkjunnar)	Theory (of the church)	
aldarfar	Manners of the age	
miskunnarlaust	Ruthless, brutal	
agi	discipline	
siðferði	moral	

Kafli 1: Helstu áherslur

Árið 1517 negldi munkurinn Marteinn Lúther blað á kirkjuhurðina í borginni Wittenberg í Þýskalandi. Hann var að mótmæla því að kaþólska kirkjan gæti látið fólk borga ef það hefði gert eitthvað rangt og fengið fyrirgefningu guðs í staðinn. Lúther sagði að aðeins guð gæti fyrirgefið ef fólk gerði eitthvað rangt. En með þessu móti safnaði kaþólska kirkjan miklum peningum og varð mjög rík. Luther sagði að aðeins guð gæti fyrirgefið syndir - kaþólska kirkjan gæti ekki fyrirgefið, þó að fólk borgaði fyrir aflátsbréf til að fá fyrirgefningu.

Luther vildi breyta mörgu frá því sem kaþólska kirkjan boðaði. Hann lagði meiri áherslu á einlæga trú, fremur en rétta hegðun og að gera aldrei neitt rangt. Hann vildi líka að prestar fengju að gifta sig en þyrftu ekki að lifa einir eða í klaustum. Luther giftist sjálfur nunnu, Katrínu af Bora.

Siðaskiptin bárust til Danmerkur og Skandinavíu um 1536 og konungur Danmerkur ákvað að gera trú Luthers að ríkistrú.

Árið 1550 urðu siðaskiptin á Íslandi og síðasti kaþólski biskupinn, Jón Arason var brenndur á báli í Skálholti. Siðaskiptin mörkuðu endalok miðalda á Íslandi.

Oddur Gottskálksson aðhylltist kenningar Luthers og hann þýddi Nýja testamentið á Íslensku. Hann gerði það leynilega og stat úti í fjósi í Skálholti þegar hann var að vinna.

Oft var mjög vont veður á Íslandi og margir dóu úr fátækt og ýmsum sjúkdómum. Fólk hélt að erfiðleikarnir væru vegna þess að guð væri reiður fólki sem hegðaði sér ekki vel. Margir voru hræddir við galdramenn og þess vegna voru þeir brenndir á báli. Alls voru 21 karlmaður og 1 kona brennd á báli á Íslandi, flestir á Vestfjörðum.

Chapter 1: Main emphases

In the year of 1517, a monk in Germany nailed a piece of paper to the church door in Wittenburg. He was protesting the idea that the catholic church could stand for sale of indulgences – or let people pay if doing anything wrong and have forgiveness of the church instead. The catholic church also earned a lot of money through taxis and various benefits. Luther said, that the only one who could forgive was God himself – the church could not forgive, just if people payed for their bad actions.

Luther wanted to change many things and he was against the rule that priests had to live alone, without a family. He, himself married a nun, Katherine of Bora.

The reformation came to the Scandinavian countries in 1536 and the king of Danmark decided to take the announcement of Luther as the established religion of his kingdom.

In the year 1550, the reformation from catholic to Lutheran came to Iceland, as a part of Danmark. Jón Arason, the last catholic bishop was beheaded the 7.th of November 1550 in Skálholt, as a traitor. The reformation marked the end of the middle ages in Iceland.

Oddur Gottskálksson, was a priest, who accepted the Lutheran religion and he translated the New testament of the Bible, into Icelandic. He did it secretly in the cowshed in Skálholt.

When hard weather and diseases prevailed in the country, people believed that it was God's anger, because the bad behavior of the people. The Men, people believed were sorcerers, were burned in flames. Idolatry and heresy were condemned and focus put on strict discipline.


In all, 21 men and 1 woman were burned in flames in Iceland at that time, most of them in the Vestern fords.

Verkefni

Hvað hét munkurinn sem hengdi mótmæli sín á kirkjudyrrnar?

Í hvaða borg og hvaða landi átti hann heima?

Hvað hét konan sem hann giftist? _____



Merktu við rétt svar:

Luther sagði:

_____ að kirkjan gæti fyrirgefið syndir.

_____ að kirkjan gæti fyrirgefið syndir ef allir borguðu kirkjunni fyrir.

_____ að aðeins Guð gæti fyrirgefið syndir.

Oddur Gottskálksson þýddi Nýja testamentið á íslensku. Hvar sat hann þegar hann var að vinna?

_____ Í herberginu sínu.

_____ Í skólastofu.

_____ Úti í fjósi.

_____ Úti í fjárhúsi.